



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgaráð

**Sendandi:** Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

---

### *Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnaðarlausu framhaldsskólaáfanga*

Skrifstofu skóla- og frístundasviðs barst erindi frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 14. desember sl. þar sem óskað var eftir umsögn skóla- og frístundasviðs um svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa sjálfstæðisflokksins um kostnaðarlausu framhaldsskólaáfanga:

*Borgarstjórn samþykkir að hafin verði vinna að því að reykvískum nemendum standi til boða að stunda framhaldsskólaáfanga sér að kostnaðarlausu meðfram grunnskólanáminu. Slíkt námstilboð samræmist vel þeirri áherslu ríkisstjórnarinnar að auka sveigjanleika í námi. Hafnar verði viðræður sem fyrst við mennta- og menningarmálaráðuneytið í því skyni að koma á slíkri tilhögun sem fyrst.*

#### **Umsögn:**

Skóla- og frístundasvið tekur undir tillögur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að hafin verði vinna að því að reykvískum grunnskólanemendum standi til boða að stunda framhaldsskólaáfanga sér að kostnaðarlausu meðfram grunnskólanáminu.

Starfshópur á vegum skóla- og frístundasviðs um aukinn sveigjanleika milli grunnskóla og framhaldsskóla skilaði skýrslu í júní 2016 þar sem m.a. bent á að tryggja þyrfti jafnræði nemenda í borginni varðandi aðgang að námi í framhaldsskólaáföngum, að gera þyrfti samræmdar reglur um skil skólastiganna og upplýsa alla þá sem málið varðar. Einnig var lagt til að sett yrði stefna varðandi greiðslu kostnaðar við framhaldsskólaáfanga grunnskólanemenda og að tryggt yrði að allir nemendur á unglíngastigi fengju kynningu á starfi framhaldsskólanna í borginni ásamt því að grunnskólanemendum sem taka framhaldsskólaáfanga standi til boða stuðningur og aðhald náms- og starfsráðgjafa síns skóla við það nám. Skýrslan var kynnt fyrir skóla- og frístundaráði 28. september 2016.

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 6. desember 2016 tillögu Sjálfstæðisflokksins (merkt D-21) þess efnis að auka enn frekar sveigjanleika skólaskila með því að grunnskólanemum gefist kostur á að stunda framhaldsskólaáfanga sér að kostnaðarlausu meðfram grunnskólanáminu. Hafnar yrðu viðræður sem fyrst við mennta- og menningarmálaráðuneytið í því skyni að koma á slíkri tilhögun svo nemendur gætu hafið slíkt nám haustið 2017. Eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum um miðjan janúar 2017 tókst því miður ekki að taka upp viðræður við mennta- og

menningarmálaráðuneytið um málið áður en slitnaði upp úr stjórnarsamstarfinu í lok ársins.

Við gerð fjárhagsáætlunar skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2018 var samþykkt að auka fjármagn vegna námsráðgjafar á unglíngastigi í grunnskólum borgarinnar um 20 millj. kr., m.a. til að stuðla að því að allir nemendur á unglíngastigi fái fullnægjandi kynningu á námstilboðum framhaldsskóla og til að styðja við bakið á þeim grunnskólanemendum sem taka framhaldsskólaáfanga samhliða námi sínu í grunnskólum. Reynslan sýnir að fái grunnskólanemendur slíkan stuðning frá sínum heimaskóla vegnar þeim að öllu jöfnu betur í náminu í framhaldsskólaáföngunum.

Skóla og frístundasvið tekur því undir að hafnar verði viðræður sem fyrst við mennta- og menningarmálaráðuneytið í því skyni að tryggja að öllum reykvískum nemendum á unglíngastigi og sem fullnægja skilyrðum um nám á framhaldsskólastigi, standi til boða að stunda framhaldsskólaáfanga sér að kostnaðarlausu meðfram grunnskólanáminu.



Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar